



Alþingi
Erindi nr. P 126/1761
komudagur 3.4.2001

Reykjavík, 3. apríl 2001

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK.

Með bréfi dags. 16. mars 2001 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum.

Við athugun á frumvarpinu hefur Seðlabanki Íslands haft að leiðarljósi það hlutverk sitt að stuðla að traustum og heilbrigðum viðskiptum á fjármagnsmarkaði og að þess sé gætt að samningsfrelsi sé ekki skert að óþörfu.

Í ítarlegum athugasemdum og fylgiskjali með frumvarpinu koma fram helstu rök með og á móti setningu laga sem takmarka með einhverjum hætti eign einstakra aðila að fjármálafyrirtækjum. Jafnframt er vitnað til Evrópuréttar og framkvæmdar í helstu nágrannaríkjum. Við þá umfjöllun staðreynda hefur Seðlabanki Íslands engu að bæta. Það er hins vegar matsatriði stjórnvalda á hverjum tíma hversu langt ganga skuli til að draga úr hættu á að stórir hluthafar geti haft skaðleg áhrif á rekstur fjármálafyrirtækja.

Seðlabanki Íslands fagnar því að ekki hafi verið valin sú leið að takmarka hámarkseign í fjármálafyrirtækjum til að ná fram dreifðri eignaraðild sbr. umsögn bankans dags. 7. nóvember 2000 um frumvarp til laga um dreifða eignaraðild að viðskiptaböndum og öðrum lánastofnunum. Takmörkun á hámarkseign myndi skerða samkeppnishæfni íslenskra fjármálafyrirtækja, lækka verðmæti þeirra, torvelda eiginfjáröflun og fækka valkostum í hagræðingu með sameiningu eða samstarfi sem byggt væri á eignarhaldi. Auk þess er nú talið að slík takmörkun brjóti í bága við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi verða úrræði Fjármálaeftirlitsins aukin. Kvöð um samþykki fyrirfram á kaupum virkra eignarhluta og aukningar þeirra yfir tilgreind mörk gefur Fjármálaeftirlitinu möguleika á að grípa fyrir inn í atburðarás sem það sér annmarka á. Jafnframt eykst upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlitsins og möguleiki þess á stöðugu eftirliti. Gera má ráð fyrir að synjun heimildar til kaupa verði beitt í undantekningartilvikum sem varúðarráðstöfun. Í nágildandi löggjöf er viðskiptaráðherra heimilt að grípa inn í ef stærri hluthafar í fjármálastofnunum þykja

ekki nægilega hæfir. Þeim úrræðum hefur ekki verið beitt til þessa. Því má halda fram að samþykki fyrirfram eins og frumvarpið kveður á um sé ákjósanlegri leið að sama marki. Óvissa í viðskiptum verður minni og einnig minnka líkur á því að grípa þurfi til aðgerða eftir á sem gæti skert traust viðkomandi lánastofnunar. Minni hætta á óvissu í tengslum við eignarhald ætti að gagnast þeim fjármálastofnunum sem í hlut eiga og viðskiptamönnum þeirra. Seðlabankinn mælir því með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

